

Tónlist á Kópasteini

Sept. – nóv. 2020

●SÖNGLÖG

Dagarnir og mánuðurnir (allir)
Droparnir (allir)
Drippedí drip (allir)
Einn lítill, tveir litlir (allir)
Endalaus gleði (SH og ÁH)
Fingurnir (allir)
Gulur, rauður, grænn og blár (allir)
Haust (allir)
Haustvísa (SH og ÁH)
Hjólin á strætó (allir)
Hver ert þú? (DH, SH og ÁH)
Hvínandi vindur (DH, SH og ÁH)
Inni í skógi (DH, SH og ÁH)
Kalli litli könguló (allir)
Krummi krunkar úti (allir)
Könguló á gólfinu (allir)
Orri ormur (ÁH)
Óður api (DH, SH og ÁH)
Skýin (allir)
Tónlistin er þín (ÁH)
Upp og niður (allir)
Út um mó (ÁH og SH)
Við klöppum öll í einu (allir)

●DANSAR OG LEIKIR

Che, che, kule (allir)
Hlutinn látum hulinn ganga (SH og ÁH)
Ú, en hve hvessir (DH, SH)
Vinka með tánum (SH og ÁH)

●PULUR

Klukkubula (SH og ÁH)
Kroppaklapp (SH og ÁH)
Könguló, könguló, vísaðu mér á berjamó
(SH og ÁH)
Vindurinn Vargur (ÁH)

SÖNGLÖG

Dagarnir og mánuðurnir

Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur,
miðvikudagur og fimmtudagur, föstudagur
og laugardagur, - þá er vikan búin.

Janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí,
ágúst, september, október, nóvember og
desember, - þá eru komin jól hjá mér!

Drippedí drip, droppedí drop

Drippedí dripp, drippedí dropp,
drippedí, drippedí, droppedí dropp.
Drippedí dripp, drippedí dropp,
drippedí, drippedí, dropp.

Rigning hér og rigning þar,
rigningin er alls staðar.

En sama er mér og sama er þér,
við sullum og bullum hér.

Droparnir

;;:Dl, dl, dl, dl segja droparnir við pollinn:::
Og þeir stinga sér í kaf
og breyta pollinum í haf!

;;:Dl, dl, dl, dl segja droparnir við grasið:::
Og það vex svo gjöfult, grænt
og gerir landið okkar vænt.

;;:Dl, dl, dl, dl segja droparnir við blómið:::
Og það breiðir blöðin sín
og brosir blíðlega til mín.

;;:Dl, dl, dl, dl segja droparnir
við gluggann:::
Inni sit ég, - horfí á þá,
renna niður eins og á.

;,:Dl, dl, dl, dl segja droparnir við bálið:;
Og það slokknar smátt og smátt
og missir brátt sinn mikla mátt.

Einn lítill, tveir litlir

Einn lítill, tveir litlir, þrjú litlir fingur,
fjórir litlir, fimm litlir, sex litlir fingur,
sjö litlir, átta litlir, níu litlir fingur,
tíu litlir fingur á börnum.

Ein lítil, tvær litlar, þrjár litlar tásur,
fjórar litlar, fimm litlar, sex litlar tásur,
sjö litlar, átta litlar, níu litlar tásur,
tíu litlar tásur á börnum.

Endalaus gleði

Vetur, sumar, vor og haust,
vindur áfram endalaust.
Kemur vetur, kaldar tær,
krakkar leika nær og fjær.

Vorið aftur vermir kropp,
viltu koma í húllahopp,
síðan kemur sumarfrí,
sólin glæðir borg og bý.

Hyllir aftur undir haust,
hefst upp okkar gleðiraust.
Vetur, sumar, vor og haust,
vindur áfram endalaust.

Fingurnir

Þumalfingur, þumalfingur, hvar ert þú?
Hér er ég, hér er ég, góðan daginn,
daginn, daginn.
(O.s.fr.)

Gulur, rauður, grænn og blár

Gulur, rauður, grænn og blár,
svartur, hvítur, fjóluþlár.
Brúnn, bleikur, banani, appelsína, talandi.
Gulur, rauður, grænn og blár,
svartur, hvítur, fjóluþlár.

Haust

Haust, haust, haustið komið er x3
Haustið komið er.
Og þá falla laufin af tjránum x3
Haustið komið er.

Í berjamó förum við saman.

Og krakkarnir koma í skólann.

Og þá koma ærnar af fjalli.

Við tökum upp kartöflu úr garði.

Til útlanda farfuglar fljúga.

Haustvísa

Hvert er horfið lafið sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa visnað,
orðin gul og rauð.
Ef ég horfi miklu lengur verður hríslan auð.

Nú er ís á vatni sem autt var í gær.
Yfir landið hélugráum ljóma slær.
Ég brýt heilann um það - segðu mér
hvað heldur þú?
Kemur haustið fyrst á morgun?
Er það komið nú?

Nú er grettin jörðin eins og gamalt skar.
Sjást nú gráar hærur þar sem grasið var.
Yfir fyrrum gróna bala liggja frosin spor.
Ég verð kuldatið að þola þar til kemur vor.

Hjólin á strætó

Hjólin á strætó snúast „hring“ x9
Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring,
út um allan bæinn.

Hurðin í strætó opnast „út og inn“ x3...
Gluggarnir í strætó fara „upp og niður“...x3
Peningarnir í strætó segja: „kling“ x9...
Fólkið í strætó segir: „bla, bla, bla“ x3...
Börnin í strætó segja: „hí, hí, hí“x3...
Bílstjórinn í strætó segir: „uss, uss, uss“ x3
Þurrkurnar í strætó segja: „hviss, hviss,
hviss“... x3

Hver ert þú?

Hvert er þú, já, hvert er þú,
já, hver ert þú, já, hver?
Segðu hvað þú heitir x2
Segðu hvað þú heitir nú.

Hvínandi vindur

Hvínandi, hvínandi vindur,
hvaðan ber þig að?
Hvert ertu á að fara?
:,:Viltu segja mér það?:,:

Hvínandi, hvínandi vindur,
kætir mína lund
og kann svo marga leiki
:,:sem taka stutta stund:,:

Hvínandi, hvínandi vindur,
hvarf frá mér á brott
en kom mér til að hlæja
og :,:mikið var það gott:,:

Hvínandi, hvínandi vinur,
hvar ert þú í dag?
Kannski á bak við fjöllin
:,:að syngja þetta lag?:,:

Inni í skógi

Inni í skógi, í skuggaskógi,
þar sefur ljón í nótt x2

Aí, læðumst létt á tát x2

Nærri þorpi, já, litlu þorpi,
þar liggur ljón í nótt.
Nærri þorpi, já, litlu þorpi,
þar lúrir ljónið rótt.

Aí...

Hægan, hægan, ei hræddur vertu
því ljónið sefur rótt.
Hægan, hægan, já enga hræðslu,
því ljónið sefur rótt.

Aí...

Kalli litli könguló

Kalli litli könguló klifraði upp á vegg,
svo kom rigning og Kalli litli féll.
Upp kom sólin og vermaði hans kropp
og Kalli litli könguló klifraði upp á topp.

Kalli litli könguló klifrar upp í rúm,
það er komin nótt og allt er orðið hljótt.
Mamma kemur inn og kyssir góða nótt
og Kalli litli könguló sofnað sætt og rótt.

Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti, kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti,
hrygg og gæruskinn.
:,:Komdu nú og kroppaðu með mér,
Krummi, nafni minn:,:

Könguló á gólfinu

Það er könguló sem
spinnur vef á gólfinu x2
Hvað er hún að gera inni
hér í íbúðinni minni?

Það er könguló sem spinnur vef á gólfinu.

Það er könguló sem
spinnur vef á fætinum x2
Ég stappa fótunum og hoppa
en hún ætlar ekki' að stoppa!
Það er könguló
sem spinnur vef á fætinum.

Það er könguló sem
spinnur vef á maganum x2
Og svo hunsar hún mig bara
er ég segi' henni að fara!
Það er könguló sem
spinnur vef á maganum.

Það er könguló sem
spinnur vef á hálsinum x2
Nei, nú fór hún yfir strikið
þetta kitlar allt of mikið!
Það er könguló sem
spinnur vef á hálsinum.

Það er könguló sem
spinnur vef á nefinu x2
Það getur varla orðið verra
Því hún fær mig til að hnerra!
Það er könguló sem spinnur vef á nefinu...
Atjúú!

Það er könguló sem spinnur vef í hárinu x2
Svo nú fer ég bara' í sturtu
til að skola henni' í burtu!
Það er könguló sem spinnur vef í hárinu
... en nú hoppar hún af!

Það er könguló sem
spinnur vef á gólfinu x2
Hún á ekki' að vera inni
hér í íbúðinni minni?
Það er könguló sem spinnur vef á gólfinu.

Orri ormur

Ég er Orri ormur og ég kann sko að dansa!
Ég dansa bara salsa með ofsalegum galsa.
Ég dansa búmm cha cha cha,
búmm cha cha cha x3

Pomm tra la la la x2
Pomm tra la la la la la!

Óður api

Vertu ekki í vondu skapi,
vandamálin eru til að blása á!
Æddu' ekki um eins og óður api,
andaðu með nefinu og slakaðu á.
Tylltu þér á tær, klapp x4
Sláðu létt á lær, slá á larie x4
Og apinn skellihlær og týnir af sér flær.

Brosum framan í leiðindapúka,
Brandarana segjum og brestum í söng.
Æddu' ekki um...
...og týnir af sér flær og borðar köngulær.

Skýin

Við skýin felum ekki sólina af illgirni,
við skýin erum bara að kíkja á leiki
mannanna! Við skýin sjáum ykkur hlaupa –
úúú! Í rokinu, klædd gulum, rauðum,
grænum, bláum regnkápum.
Eins og regnbogi meistarans,
regnbogi meistarans.
Við skýin erum bara grá, bara grá
en á morgun kemur sólin,
hvað verður um skýin þá?

Tónlistin er þín

Hugurinn minn flýgur og ferðast út í geim.
Ef ég loka augunum finn ég annan heim!
Og fagrir tónar, rauðir og bláir,
sindra um himininn.

Láttu ekki drunga og depurð á þig fá.
Leyfðu þér að dreyma og ævintýri að sjá.
Því fagrir tónar, rauðir og bláir,
eiga sitt tungumál.

*Því tónlistin er þín og tónlistin er mín,
við eigum hana saman öll.
Hún glæðir okkar mál
og gleður hjarta og sál.
Við eigum hana saman
því systkin erum við.*

Stundum eru orðin svo undarlega tóm.
Þau lifna við og leika við ljúfan barnaróm
og fagrir tónar, rauðir og bláir,
sindra um himininn.

Upp og niður

∴Upp og niður, upp og niður,
upp og niður og klappa svo∴∴

∴Fram og aftur, fram og aftur,
fram og aftur og klappa svo∴∴

[O.s.fr.](#) með því sem manni dettur í hug

Út um mó

Út um mó, inni í skóg,
upp í hlíð í grænni tó.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
týna, týna týna má.

Týna þá berjablá, börn í lautu til og frá.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
týna, týna, týna má.

Við klöppum öll í einu

Við klöppum öll í einu x3
Það líkar okkur vel.

Við stöppum, vinkum, hlæjum o.sfr.

DANSAR OG LEIKIR

Che, che kule

Che, che kule x2
Che, che kofisa x2
Kofi salanga x2
Kaka silanga x2
Kuma dente x2
Kuma dente, hey!

(Forsöngvari syngur og hinir herma.
Hreyfingar: Fyrst hendur á höfuð,
síðan hendur á axlir, þá á mitti, næst á hné
og að lokum er tekið utan um ökkla)

Hlutinn látum hulinn ganga

Hlutinn látum hulinn ganga,
Handa okkar milli skjótt.
Gettu nú, gettu nú,
annars pantinn gefur þú!

(Líkt og í „Grænni lautu“. Allir sitja í hring
og hlutur er látinn ganga þar til lagið
stöðvast og sá/sú sem var að grúfa í
miðjunni á að slá laust á hendur barnanna
sem halda þeim lokuðum frá sér þar til
hann/hún finnur hlutinn. Þá er skipt)

Ú, en hve hvessir

Ú, en hve hvessir x2
Ú, en hve hvessir meir og meir.

Trjágróður svignar x2
Trjágróður svignar meir og meir.

Greinarnar hristast x2
Greinarnar hristast meir og meir.

Laufblöðin falla x2
Laufblöðin falla meir og meir.

Dropunum rignir x2
Dropunum rignir meir og meir.

Börnunum kólnar x2
Börnunum kólnar meir og meir.

Vinka með tánum

Vinka með tánum, lyfta upp hnjánum,
hrista svo rassinn og hoppa hátt!
Glenna út fingur, þá verður til hringur,
axlir að eyrum og hoppa hátt!

(Hreyfingar gerðar í stíl við texta sem hægt
er að breyta með bulli hér og þar)

PULUR

Klukkupula

Klukkan eitt, er mér heitt,
klukkan tvö, segi ég bö!
klukkan þrjú, mjólka ég kú,
klukkan fjögur, segi ég sögur,
klukkan fimm, les ég Dimmalimm,
klukkan sex, borða ég kex,
klukkan átta, fer ég að hátt,
klukkan níu, fæ ég barnapíu,
klukkan tíu, syng ég sussubíu,
klukkan ellefu, segi ég dellefu,
klukkan tólf, geng ég um gólf.

Kroppaklapp – Með höndunum

Með höndunum gerum við:

„klapp, klapp, klapp“ x3

Með fótunum gerum við:

„stapp, stapp, stapp“ x3

Til skiptis gerum við:

„Klapp, klapp, stapp, stapp“ x2

Klapp, stapp, klapp, stapp,

klapp, klapp, - hey!

Könguló, könguló, vísaðu mér á berjamó

Könguló, könguló, vísaðu mér á berjamó.

Fyrir bláa berjapúfu

skal ég gefa þér gull í skó,
græna húfu, skarlatsskikkju,
silklút og dillidó.

Vindurinn Vargur

Vindurinn Vargur var dag einn svo argur
að flestu um hvolf hann blés, - fúff!

Hann felldi niður staura
sem klesstu litla maura.

Já, ljótt hafði Vargur fés.

Og Vargur blés meira, þið þurfið að heyra,
hve hrikaleg hljóð hann gaf, - fúff!

Og logninu svo blíða,
hann líka reyndi að stríða
en lognið það bara svaf.

Trylltist nú Vargur sem áður var argur
en nú var hann orðinn ær!

Um koll hann feykta húsum,
mönnum bæði og músum,
bæði nær og fjær.

Nú vindurinn Vargur ei lengur var argur,
sem sprungin blaðra var.

Hann datt niður dauður,
eins og svartur sauður.

Nú vaknaði lognið þar.